

Júní 2011

Lokaskýrsla til
Sprotasjóðs

Fágæti og furðuverk
Lestrarhvetjandi verkefni

| Ingibjörg Auðunsdóttir, Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri

Grunnupplýsingar

Nafn skóla: Grunnskóli á Akureyri

Nafn verkefnis: Rannsóknar- og þróunarverkefnið Fágæti og furðuverk

Nafn verkefnisstjóra: Ingibjörg Auðunsdóttir,
sérfræðingur á Miðstöð skólapróunar við Háskólann á Akureyri

Um Fágæti og furðuverk

Fágæti og furðuverk er íslensk útfærsla á enska verkefninu Curiosity Kit (Lewis og Fisher, 2003; Fisher 2004). Verkefnið hefur að markmiði að efla lestraráhuga nemenda, sérstaklega drengja 9 til 11 ára, sem annað hvort eiga erfitt með lestur eða eru áhugalausir um hann. Verkefnið var fyrst unnið á ári læsis 1998-99 og styrkt af the United Kingdom Reading Association. Rannsóknir á verkefninu í Englandi sýna marktæk jákvæð áhrif þess á lestur hjá þeim sem þátt tóku.

Fágæti og furðuverk byggir á því að skólinn komi sér upp bekkjarsetti fyrir eina bekkjardeild (30 verkefni) sem hafa að geyma bækur, tímarit og fylgihluti fyrir nemendur í 4. bekk og foreldra þeirra. Með Fágæti og furðuverki eru foreldrar virkjaðir, einkum feður eða karlkyns einstaklingar, til að lesa með börnunum heima og skapa þannig jákvæða lestrarfyrirmynd. Nemendur taka vikulega heim verkefni til að vinna með í samvinnu við fjölskyldu sína. Mælt er með fjórum vikum í senn, tvisvar sinnum yfir skólaárið, sjá bækling um verkefnið í fylgiskjali.

Markmið þróunarverkefnisins Fágæti og furðuverk voru að:

- a) Efla lestraráhuga nemenda í 4. bekk, einkum drengja, sem annað hvort eiga erfitt með lestur eða eru áhugalausir um lestur þótt þeir geti lesið.
- b) Átta sig á hversu vel Fágæti og furðuverk hentar við íslenskar aðstæður til að ná ofangreindu markmiði.

Með seinni hluta verkefnisins var sérstaklega horft til þess að:

- c) Virkja og styðja foreldra, einkum feður eða karlkyns fjölskyldumeðlimi, til að lesa með börnum og skapa þannig jákvæða lestrarfyrirmynd á heimilum.
- d) Vinna að handbók sem ætluð er foreldrum, nemendum og kennurum sem nota verkefnið Fágæti og furðuverk.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðum

Framkvæmd verkefnisins hófst á því að haft var samband við skólastjórnendur í grunnskóla á Akureyri og skólanum boðin þátttaka í þróunarverkefninu skólaárið 2010/2011. Tilviljun réði vali á skólanum. Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri hafði útbúið eitt bekkjarsett (lesefni og fylgihlutir) af Fágæti og furðuverki fyrir 4. Bekk. Skólinn fékk það lánað.

Þátttakendur voru: umsjónarkennarar 4. bekkjar sem aðstoðuðu við vinnu verkefnisins. Í bekknum voru 32 nemendur, 11 drengir og 21 stúlkur. Skólasafnsfræðingur skólans hóf að setja saman efni í verkefnið sem er eign skólans. Haft var samband við stjórn foreldrafélags skólans, verkefnið kynnt og leitað eftir stuðningi félagsins við fjármögnun verkefnisins fyrir skólann og stuðningi við framgang þess. Leitað var eftir samstarfi við foreldra nemenda. Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar ríkisins og Skóladeild Akureyrarbæjar og tilskilin leyfi fengin hjá þátttakendum.

Í upphafi var verkefnið kynnt fyrir umsjónarkennurum, skólasafnsfræðingi og kynningarfundur haldinn með foreldrum, nemendum og kennurum. Upplýsingar um verkefnið voru sendar heim með nemendum þegar foreldrar voru boðaðir á kynningarfund og einnig fylgdu upplýsingar um verkefnið og framkvæmd þess með verkefninum sem nemendur tóku heim með sér. Í nóvember hófst fyrri hluti verkefnisins og sá greinarhöfundur að mestu um vinnuna við að lána nemendum pokana og fara yfir þá þegar þeim var skilað eftir viku útlán. Seinni hluti verkefnisins fór fram í janúar og febrúar. Auk þessa var foreldrum boðið á tvo fræðslufundi meðan á verkefninu stóð og foreldrum og nemendum boðið í heimsókn á Amtsbókasafnið en bókasafnsfræðingur safnsins tók á móti gestum og kynnti það.

Frávik frá áætlun verkefnisins

Þróunarverkefnið hófst síðar en áætlað var eða haustið 2010 í stað vors 2010 og verkefninu lauk í maí. Að öðru leyti stóðst framkvæmdaáætlun verkefnisins.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Framkvæmd verkefnisins hefur að mestu leyti gengið vel. Gagnaöflun var margvísleg, s.s. spurningalisti sem nemendur svöruðu, samskiptabók sem fylgdi nemendum meðan á verkefninu stóð og foreldrar og nemendur skrifuðu í, viðtöl voru tekin við nemendur, kennara og foreldra auk annarra gagna sem aflað var á vettvangi. Vel gekk að afla gagna en heimtur á samskiptabókum hefðu mátt vera betri, sérstaklega hjá drengjunum. Slæleg mæting foreldra á fundi, sérstaklega hjá foreldrum drengjanna, olli vonbrigðum. Sú hindrun

er áskorun til að finna leiðir til að skuldbinda foreldra við lestrarnám barna þeirra enn frekar en verið hefur.

Helsti ávinningur af vinnu verkefnisins

Niðurstöður á samræmdum prófum hér á landi og alþjóðlegar samanburðarkannanir benda á nauðsyn þess að efla læsi meðal íslenskra drengja. Lengi hefur legið fyrir að stúlkur standa drengjum frammar í læsi. Niðurstöður rannsókna sýna að fjölskyldan hefur úrslitaáhrif á árangur barna sinna í skóla og í lífi. Ennfremur að foreldrar hafa ávinning af því að læra aðferðir og þjálfna færni sem styðja við nám barna heima, einkum varðandi læsi.

Verkefnið Fágæti og furðuverk snýst um að efla læsi barna. Læsi er ekki námsgrein heldur grunnfærni sem gengur þvert á allar námsgreinar og er undirstaða annars náms. Því er mikilvægt að heimilin og skólar séu samstíga í því að styrkja læsi barna. Auk þessa hefur vantað lestrarhvetjandi verkefni fyrir nemendur á miðstigi, einkum drengi.

Verkefnið virðist mæta þörfum drengja og hvetja þá til að lesa. Álykta má að verkefnið henti við áframhaldandi lestrarnám nemenda á miðstigi og sé verkfæri kennara og foreldra sem vilja styðja við lestrarnám nemenda og stuðla að ánægjulegri lestrarreynslu þeirra. Verkefnið Fágæti og furðuverk er nú tilbúið fyrir skóla og getur nýst þeim sem vilja notfæra sér það. Drög að foreldrahandbók liggja fyrir. Verkefnið verður til í viðkomandi skóla og nýtist nemendum 4. bekkjar og foreldrum þeirra. Ennfremur stendur það öðrum skólum til boða.

Mat á verkefninu og niðurstöður

Við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri er starfrækt Miðstöð skólaþróunar. Starfsfólk þar hefur haft forgöngu um að kynna kennurum nýjungar á sviði skóla- og kennslumála, einkum í leik- og grunnskólum. Í starfi Miðstöðvar skólaþróunar hefur sérstök áhersla verið lögð á læsi og er verkefnið Fágæti og furðuverk einn liður í því.

Hafa ber í huga að rannsóknin á Fágæti og furðuverki sem hér segir frá er smá í sniðum og var aðeins unnin með einni bekkjardeild í einum skóla. Þó skal þess getið að verkefnið var tilraunakennt og þróað í nokkrum skólum áður. Þannig fékkst ákveðin reynsla og þekking sem dýpkaði skilning á verkefninu. Einnig byggir verkefnið á erlendra fyrirmynd sem gafst vel. Í nánú samstarfi við heimili sýna erlendar og íslenskar rannsóknir að Fágæti og furðuverk er til þess fallið að efla áhuga nemenda og færni í lestri.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar:

- Áhugi og ánægja var með verkefnið hjá nemendum, sérstaklega hjá drengjum.
- Foreldrar voru ánægðir með samstarf barns og foreldra sem verkefnið bauð upp á.
- Verkefnið virðist hafa jákvæð áhrif á heimalestur.
- Fjöldi sameiginlegra lestrarstunda barns og foreldra jókst hjá flestum og verkefnið hafði jákvæð áhrif á frjálsan lestur barna.
- Fyrir tíma verkefnisins lásu flest börn fyrir mæður sínar. Samhliða verkefninu lásu þau einnig fyrir aðra, einkum feður.
- Mikill áhugi reyndist vera á þeim viðfangsefnum sem fjallað var um, bæði hjá börnum og foreldrum.
- Verkefnin sem fylgdu með féllu í góðan jarðveg.
- Drengirnir, áhugalitlir lesarar eða lesarar í vanda, voru jákvæðir gagnvart verkefninu og voru fúsir til að fara heim með það.
- Fullorðnir og börn voru ánægð með viðbótarnámstækifæri sem verkefnið bauð upp á.
- Efni í handbók, byggt á gögnum, sem safnað var meðan á verkefninu stóð verður uppistaða efnis fyrir nemendur, foreldra og kennara sem koma til með að vinna með verkefnið Fágæti og furðuverk.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Verkefnið Fágæti og furðuverk hefur þegar verið kynnt meðal stjórnenda, kennara, nemenda og foreldra í fjórum grunnskólum Akureyrarbæjar, sem hafa tekið þátt í að þróa verkefnið. Á formlegan hátt hefur verkefnið Fágæti og furðuverk verið kynnt:

- Á málstofu Ráðstefnu Samtaka áhugafólks um skólaþróun og Skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri, 6. sept. 2008.
- Starfmönnum Álftanesskóla í Háskólanum á Akureyri, 5. nóv. 2009.
- Kennaranemum við Háskólann á Akureyri skólaárin 2009/10 og 2010/11.
- Með bæklingi um verkefnið, sjá fylgiskjal.
- Með veggspjöldum á opnu húsi í Háskólanum á Akureyri 2010.
- Kennurum Háteigsskóla í Reykjavík í Háskólanum á Akureyri, 17. jan. 2010.
- Á ársfundi Háskólans á Akureyri, 3. des. 2010.

Fyrirhugaðar kynningar eru eftirfarandi:

- Undirrituð er að ljúka við að skrifa bókarkafla um þróunarverkefnið sem birtast mun í bók til heiðurs Trausta Þorsteinssyni, sem verður gefin út í mars 2012.
- Samhliða er verið að skrifa skýrslu um verkefnið.
- Verkefnið kynnt og unnið í tveimur grunnskólum á Akureyri næsta skólaár.
- Þróunarverkefnið og niðurstöður þess verða kynntar á árlegri vörðstefnu Miðstöðvar skólaþróunar HA vorið 2012.